# Helgafellsland, Mosfellsbæ

## Deiliskipulagsáfangi IV

## Huldugata 2-4 & 6-8

## Breyting á Deiliskipulagi

**TILLAGA**




Deiliskipulagsuppdráttur, Huldugata 2-4 & 6-8, samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar 18. febrúar 2023, mkv. 1:1000




Deiliskipulagsuppdráttur, Huldugata 2-4 & 6-8, eftir breytingu, mkv. 1:1000

Markmið breytingar

Breytingin felur í sér markmið um að fjölga íbúðum hverfis 4. áfanga um 20 talsins. Fjöldi íbúða fer úr 198 í 218. Íbúðum fjölgar þannig í fjölbýlum Huldugötu 2-4 og 6-8 úr 20 í 30 fyrir hvora lóð. Fyrirhugað er að byggðar verði tveggja og þriggja herbergja íbúðir sem allar munu uppfylla skilyrði um hagkvæmar íbúðir skv. reglugerð 1084/2020 um hlutdeildarlán.

Fallið er frá heimild um bílakjallara fyrir Huldugötu 6-8. Breytingar eru gerðar á lóðahönnun til þess að uppfylla bílastæðakröfur gildandi deiliskipulags.

Deiliskipulagið er hluti af íbúðarsvæði ÍB302 í gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030. Hverfið er ekki fullbyggt og síðasti áfangi deiliskipulags í undirbúningi. Heimild er fyrir fjölgun íbúða í aðalskipulagi.

Hliðrun er á byggingarreitum og flatarmál þeirra minnkar lítillega en hámarksnýtingarhlutfall helst óbreytt. Breytingin hefur því ekki teljandi áhrif á mögulegt byggingarmagn. Einnig er minniháttar breyting skiptingu milli lóða.

Gildandi deiliskipulag

Fjölbýlishús F3 - Innan byggingarreits er heimilt að reisa fjölbýlishús á þremur hæðum. Aðalaðkoma er á neðstu hæð byggingarinnar. Þakhalli skal vera 0-25°.

Bílastæðaviðmið - 1,0 stæði fyrir íbúðir minni en 50 m2, 1,5 fyrir íbúðir minni en 70 m2 og 2,0 fyrir stærri íbúðir.

Breytingar frá samþykktu deiliskipulagi

1) Byggingarreitur á lóðinni Huldugata 2-4 lengist um 2,6m til norðvesturs en grynnkar á móti um 2m. Nálægð við nærliggjandi hús breytist ekki.

2) Byggingarreitur á lóðinni Huldugata 6-8 lengist um 1,5m til suðausturs en grynnkar á móti um 2m. Nálægð við nærliggjandi hús breytist ekki.

3) Akvegur, gangstétt og lóðarmörk milli lóðanna Huldugata 2-4 og Huldugata 6-8 hliðrast lítillega til suðausturs.

4) Bílakjallari á lóðinni Huldugata 6-8 er felldur út úr skipulagi.

5) Bílastæðum ofanjarðar fjölgar í 51 á lóðinni Huldugata 2-4. Þar af eru 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

6) Bílastæðum ofanjarðar fjölgar í 51 á lóðinni Huldugata 6-8. Þar af eru 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

7) Hámarksfjöldi íbúða í þriggja hæða fjölbýlishúsum fjölgar í 60. Með því skiptast húsgerðir þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| E1 | Einbýlishús á einni hæð | = | 20 | íbúðir |
| R1 | Raðhús á einni hæð | = | 56 | - |
| F2 | Fjölbýlishús á tveimur hæðum | = | 76-84 | - |
| F3 | Fjölbýlishús á þremur hæðum | = | 60 | - |
| | Samtals, max. | = | 218 | - |

Önnur atriði

Að öðru leyti gilda ákvæði samkvæmt áður samþykktu deiliskipulagi með áorðnum breytingum.




Hluti aðalskipulags Mosfellsbæjar, 2011-2030
Staðsetning skipulagssvæðis

Samþykktir

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann ________ 20 __ .

Tillagan var grenndarkynnt frá ________ 20 __ með athugasemdafresti til ________ 20 __ .

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ________ 20 __ .

Undirritun

Skýringar

- Mörk breytingar
- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Kvöð um aðgengi
- Lækur
- Opið og óbyggt svæði
- Hverfisvernd
- Leiksvæði
- Áframhald stíga og gatna
- Kvöð um bílastæði


GS TEIKNISTOFA
GARÐAR SNÆBJÖRNSSON
ARKITEKT FAÍ

8482982 www.gsteiknistofa.is


| | |
|---|---|
| Verk | Helgafellsland, Mosfellsbæ Deiliskipulagsáfangi IV |
| Teikning | Huldugata 2-4 & 6-8, breyting á deiliskip. |
| Dagsetning | 12.06.2023 |
| Mælikvarði | 1:1000 |
| Blaðstærð | A1 |
| Flokkun | Skipulagsuppdráttur |
| Teiknað, yfirf. | GS, GS |
| Hönnunarstjóri | GS, 290182-4099 |

Undirritun

| Verk nr. | Teikning nr. | Breyting |
|---|---|---|
| 021 | 2 | - |